

# Samkomulag

um breytingu og framlengingu kjarasamnings

Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga  
og  
Ríkisútvarpsins ohf.

## 1. gr. Gildistími

Kjarasamningur Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga (KVH) og Ríkisútvarpsins ohf. (RÚV) framlengist frá 1. maí 2015 til 31. desember 2018 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samkomulagi þessu felast og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara eða sérstakrar uppsagnar.

## 2. gr. Um launabreytingar

Um laun, breytingar launa og önnur starfskjör skal samið sérstaklega í skriflegum ráðningarsamningi. Sjá einnig yfirlýsingu með samningi þessum.

Heimilt skal að semja um föst mánaðarlaun starfsmanns í slíkum ráðningarsamningi (fastlaunasamningur) þar sem tilgreind eru heildarlaun starfsmanns vegna starfa í þágu RÚV ohf.

Starfsmaður á rétt á viðtali við yfirmann einu sinni á ári um störf sín og hugsanlega breytingu á starfskjörum. Óski starfsmaður eftir viðtali skal það veitt innan mánaðar og niðurstaða viðtalsins liggi fyrir innan mánaðar frá því það fór fram.

## 3. gr. Desember og orlofsuppbót

Á gildistíma samnings þessa skal desember- og orlofsuppbót vera svofelld:  
Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

Á árinu 2015 kr. 78.000  
Á árinu 2016 kr. 82.000  
Á árinu 2017 kr. 86.000  
Á árinu 2018 kr. 89.000

*Handwritten signature and initials:*  
J.P.  
K.A.H.  
M.M.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1.maí til 30.apríl) miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2015 kr. 42.000

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2015 kr. 44.500

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2015 kr. 46.500

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2015 kr. 48.000

#### 4. gr. Samningsforsendur

Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum eða samningstíma á grundvelli forsenduákvæðis í kjarasamningum SA og aðildarsamtaka ASÍ, dags. 29.maí 2015, skulu aðilar taka upp viðræður um hvort og þá með hvaða hætti slík breyting taki gildi, sama gildir um breytingar á forsenduákvæðum á grundvelli rammasamkomulags vinnumarkaðar frá 27. október 2015.

Verði samningum á almennum vinnumarkaði sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis þeirra á gildistíma samnings þessa, er RÚV ohf. / KVH, innan tveggja vikna frá því ákvörðun um uppsögn almennra samninga liggur fyrir, heimilt að segja samningi þessum upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðarmót. Launabreytingar kjarasamnings, sem ekki eru komnar til framkvæmda þegar samningi er sagt upp, falla þá niður.

#### 5. gr. Afgreiðsla kjarasamnings o.fl.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókunum og fylgiskjöllum, upp á lögformlegan hátt til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 16:00 þann 9. desember 2015, skoðast samningurinn samþykktur. Atkvæðisbærir félagsmenn KVH um samning þennan eru einungis þeir sem starfa hjá RÚV ohf.


#### 6. gr. Fylgiskjöl

Í eftirtöldum fylgiskjöllum eru breytingar á ákvæðum kjarasamnings og viðbætur:


- Yfirlýsing
- Bókanir með kjarasamningi

Reykjavík, 7. desember 2015

F.h. Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga  
með fyrirvara um samþykki félagsmanna

  
Karen Ósk Pétursdóttir

F.h. Ríkisútvarpsins ohf.

  
Margrét Magnúsdóttir  
Klönn Pálfusdóttir  
Guðrún Óskarsdóttir


## Yfirlýsing

Á árinu 2014 var í kjarasamningi RÚV ohf. og Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga samið svo um að ekki skyldi stuðst við sérstaka launatöflu í samningi og jafnframt kveðið svo á að um laun og önnur starfskjör skyldi samið sérstaklega í skriflegum ráðningarsamningi. Í gr. 2 í samkomulagi þessu er jafnframt tekið fram að starfsmaður eigi rétt á viðtali við yfirmann einu sinni á ári um störf sín og hugsanlega breytingu á starfskjörum.

Í slíkum viðtölum verði meðal annars litið til stefnu RÚV ohf um samkeppnishæf laun og höfð hliðsjón af þeim kjarasamningsbundnu hækkunum sem samið hefur verið um á almennum vinnumarkaði.


Reykjavík, 7. desember 2015

F.h. Kjarafélags viðskipta og hagfræðinga  
með fyrirvara um samþykki félagsmanna



Karen Ósu Pétursdóttir

F.h. Ríkisútvarpsins ohf.



Margrét Magnúsdóttir  
Kristín Þóra Hléded  
Guðein Óðinsdóttir


# Bókanir

## Bókun 1

Aðilar eru sammála um að ganga frá nýjum heildartexta sammings (núverandi megintexti er frá 2008), endurskoða hann eftir atvikum, gefa út og staðfesta, eigi síðar en 1. júní 2016.

Reykjavík, 7. desember 2015

F.h. Kjarafélags viðskipta og hagfræðinga  
með fyrirvara um samþykki félagsmanna



F.h. Ríkisútvarpsins ohf.

